

# ~~Samtök áhugafólks um skólalög~~

Reykjavík 1. mars 2006

Til: Nefndarsviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Fundur í Samtökum áhugafólks um skólalög hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingar á grunnskólalögum

Samtökin telja að flestar þær breytingar sem boðaðar eru séu til bóta. Nefna má bætt ákvæði um skólanámskrárgerð, nemendaráð og aðkomu foreldra. Þá er fengur að nýjum ákvæðum í 8. og 32. grein um aukin sveigjanleika gagnvart námi utan skóla.

Samtökin leyfa sér að benda á eftirfarandi atriði:

- Samtökin telja ástæðulaust að kveða á um fjölda og fyrirkomulag samræmdra prófa í lögum til þess að lögin bindi ekki eðlilega þróun námsmatsaðferða. Því er æskilegra að hafa ákvæði um að menntamálaráðuneytið setji reglugerð um námsmat og fyrirkomulag samræmdra prófa.
- Starfsumhverfi í skólum er mjög að breytast og starfsfólki, öðrum en kennurum, hefur verið að fjölga mjög á undanförmum árum. Nauðsynlegt er að lögin tryggji aðkomu annarra starfsmanna að stjórnun skólans.
- Vegna breytts starfsumhverfis verður stjórnun skóla stöðugt umfangsmeiri og flóknari. Þó það kunnir að vera jákvætt að binda ekki lengur ákvæði um stöðu aðstoðarskólalögum í lögum þarf að tryggja að sveitarfélög leggi nægjanlegt fjármagn til stjórnunar, t.d. með hlöðsýningu af starfsmanna- og nemendafjölda.
- Samtökin sjá ekki ástæðu til að fella brott ákvæði 29. greinar, enda er hún mikilvæg útfærsla á 2. grein. Þarna eru tilgreind mjög mikilvæg almenn markmið sem víðtækt samkomulag er um að hafa að leiðarljósi í grunnskólastarfi og við gerð aðalnámskrár. Færa má rök fyrir því að mörg þeirra endurspeglar ekki nægilega vel í aðalnámskrá og skólanámskrám og því full ástæða til að halda þeim til haga.
- Í ljósi þess að sett eru ný ákvæði um að skólanefnd staðfesti skólanámskrá (31. gr.) þarf að vera skýrt hvemig fara skuli með ef ágreiningur verður um staðfestingu hennar.
- Ekki er nægilega skýrt í lögum hver staða sjálfstætt rekinna grunnskóla er gagnvart sveitarfélögum. Samkvæmt 9. grein heyrir þeir beint undir ráðuneytið. Samkvæmt 56. grein segir að um þá gildi sömu lög og reglur og um grunnskóla "eftir því sem við á". Þá er t.d. ekki ljóst hvort sjálfstætt reknur skólur beri eins og öðrum grunnskólum að leggja skólanámskrá sína fyrir skólanefnd til staðfestingar.

Virðingarfyllt  
f.h. Samtaka áhugafólks um skólalög

  
Sif Vígþórsdóttir